

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Maríuborg

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Starfsáætlanir leikskóla	3
Leiðarljós Maríuborgar; Leikur – Samskipti – Námsgleði.....	4
1 Greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	4
2 Innra mat.....	7
2.1 Matsfundur í janúar	8
2.1.1 Niðurstöður matsfundar 18. janúar 2018	8
2.2 Matsfundur í ágúst	12
2.3 Umbætur og þróun skólaárið 2018 – 2019	12
2.3.1 Skóladagatal	12
2.3.2 Dagskipulag	13
2.3.3 Hópahefti.....	13
2.3.4 Tónlistarkennsla-tónlist.....	14
2.3.5 Lífsleikni	14
2.3.6 Umhverfismennt	14
2.3.7 Lubbi finnur málbein	14
2.4 Greinargerð deildarstjóra Brekku	15
2.4.1 Innra mat Brekku.....	16
2.4.2 Umbótaáætlun Brekku skólaárið 2018 - 2019	16
2.5 Greinargerð deildarstjóra Lundar	17
2.5.1 Innra mat Lundar	17
2.5.2 Umbótaáætlun Lundar skólaárið 2018 - 2019	18
2.6 Greinargerð deildarstjóra Lautar	19
2.6.1 Innra mat Lautar.....	20
2.6.2 Umbótaáætlun Lautar skólaárið 2018 - 2019	21

2.7	Greinargerð deildarstjóra Þúfu.....	22
2.7.1	Innra mat Þúfu.....	22
2.7.2	Umbótaáætlun Þúfu skólaárið 2018 - 2019	23
2.8	Greinargerð verkefnastjóra tónlistar.....	24
2.8.1	Umbótaáætlun tónlistar skólaárið 2018 – 2019	25
3	Ytra mat.....	26
4	Greinargerð ábyrgðarmanns sérkennslu	28
4.1	Umbótaáætlun sérkennslu skólaárið 2018 - 2019	29
5	Fjölmennningarlegt leikskólastarf.....	31
6	Starfsþróunarsamtöl og endurmenntun.....	33
6.1	Starfsþróunarsamtöl.....	33
6.1.1	Samantekt starfsþróunarsamtala.....	33
6.2	Símenntun og fræðsla síðasta skólaár:.....	36
6.3	Símenntun og fræðsla næsta skólaár	37
7	Foreldrasamvinna	39
8	Samstarf leik- og grunnskóla.....	39
9	Skólaárið 2018 - 2019	40
10	Fylgigögn.....	42
10.1	Matsgögn.....	42
10.2	Umsögn foreldraráðs.....	42
10.3	Umbótaáætlun skólaársins 2018 – 2019	42
10.4	Skóladagatal Maríuborgar	42

Starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megir hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós Maríuborgar; Leikur – Samskipti – Námsgleði

Einkunnarorðin okkar og megingildi, leikur, samskipti, námsgleði móta hugmyndafræði okkar. Allt sem við gerum er til þess hugsað að efla og örva leik barnanna, styðja við og kenna jákvæð samskipti og stuðla að námsgleði, forvitni og fróðleiksfýsni. Hugmyndafræði okkar og einkunnarorð styðjast við kenningar John Dewey, Howard Gardner, William Damon og Daniel Goleman. Nánar má lesa um hugmyndafræði okkar í Námskrá Maríuborgar sem kom út 14. nóvember 2015.

1 Greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Það sem stendur upp úr og einkenndi starfið í Maríuborg á síðasta skólaári er án efa ytra matið sem fram fór í skólanum 23. til 27. október s.l. Niðurstöður matsins voru mjög góðar og var fullt tilefni til að slá upp smá veislu í kaffistofunni þegar þær lágu fyrir.

Helstu umbætur sem þar komu fram voru þær að virkja börnin með í ákvörðunartökum, og að börnunum verði gefin tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins.

Í ytra matinu kom einnig fram að öryggis- og rýmingaráætlun leikskólans verði gerð sýnilegri og starfsmannahandbókin verði til á hverri deild og einnig þarf að uppfæra hana.

Það að meta starfið markvisst í leikskólanum er alltaf nokkuð flókið og vill gleymast í erli dagsins en sú aðferð að nota eyðublöð með laufblöðum og stjörnum hefur reynst okkur vel og er einfalt og sýnilegt öllum þeim sem koma að matinu hverju sinni. Laufblöðin tákna þá þætti sem þarfnast úrbóta en stjörnurnar tákna það sem vel er gert. Einnig finnst mér samantektin úr starfspróunarsamtölunum vera gott matstæki og eins markviss umfjöllun t.d. á deildarsjórafundum og deildarfundum. Þá er einnig mjög gott að hlusta stundum á kaffistofuumræðurnar og taka þær upp t.d. á næsta deildarstjórafundi og/eða starfsmannafundi.

Eftir niðurstöður matsins fór hver deild að vinna að sínum umbótaþáttum og var mikill áhugi og metnaður hjá öllum deildum að gera það fljótt og skipulega og fóru næstu deildarfundir og skipulagsdagar í þá góðu vinnu. Marga þessara umbótaþátta var tiltölulega einfalt að bæta eins og t.d. að hafa ritmál sýnilegt á deildunum og bækur fyrir börnin aðgengilegar. Haldnir

voru fundir með börnunum um ýmis mál sem voru á dagskrá og börnin þannig höfð með í ákvörðunartökum.

Ég vil nota tækifærið og hrósa Skóla-og frístundasviði fyrir þessa vinnu sem var einkar fagleg, lærdómsrík og gefandi fyrir mig sem stjórnanda að taka þátt í. Allt ferlið, lokakynningin og eftirfylgnin var mjög metnaðarfull og jákvætt að sviðið sé sýnilegt öllum þeim sem standa að leikskólanum. Nú er það okkar að vinna sem best úr henni og hafa ytra matið sýnilegt og „lifandi gagn“ til að bæta enn frekar það góða og farsæla starf sem unnið er í Maríuborg.

Núna í haust verða miklar breytingar á aldri barnanna í leikskólanum. Við tökum inn tæplega fimmtíu börn og eru þetta einkum börn fædd 2016 og 2017. Ekki er nein sérstök ungbarnadeild í skólanum og er lóðin okkar mjög illa búin leiktækjum fyrir þennan aldur og er nauðsynlegt að grípa til aðgerða strax til að við getum tekið sem best á móti þetta ungum börnum. Einnig þarf að skoða fjölda barnanna og er það ósk mín að ekki verði fleiri en 92 börn samtímis í skólanum. Sautján börn á deildum yngri kjarna, tuttugu og tvö til þrjú börn á deildum eldri kjarna og tólf börn í Maríustofu en það er hús á lóðinni sem opna á aftur til að léttu á biðlistanum í hverfinu.

Starfsmannamálin eru alltaf frekar viðkvæm og höfum við ekki farið varhluta af þeirri fækkun sem verið hefur á leikskólakennurum síðustu árin. Í haust verða einungis fjórir leikskólakennarar í Maríuborg en þegar leikskólinn tók til starfa árið 2002 vorum við tólf. Mjög margar hafa hætt vegna aldurs eða fimm leikskólakennarar og síðan eru ýmsar ástæður fyrir starfslokum hinna.

Sólrún aðstoðarleikskólastjóri er í fæðingarorlofi en kemur aftur til starfa 1. apríl 2019. Þóra Björk sérkennslustjóri hefur sinnt hennar starfi ásamt sínu starfi sem sérkennslustjóri og er ég afar þakklát fyrir hennar góða starf. Það er draumurinn að sú mikla umfjöllun og jafnvel fyrirhugaðar breytingar á náminu verði til að fjölga leikskólakennurum og fagfólki almennt í leikskólum borgarinnar.

Í Maríuborg er mikill og góður mannauður og hefur okkur gengið vel að efla okkar faglega starf og að vinna út frá gildum okkar og stefnu. Starfsfólkið er vel meðvitað um hvert við viljum stefna og hverjar áherslurnar eru í starfinu okkar með börnunum. Það er mjög ánægjulegt að segja frá því að hjá okkur byrjar jógakennari í haust og mun hún m.a. vinna í samvinnu við

tónlistarkennarann og er hugsunin að hann „Lubbi okkar“, lífsleiknin og umhverfismenntin verði fléttað saman við jógakennsluna.

Ég ætla því að lofa mér að líta björtum augum til næsta starfárs í Maríuborg. Við munum horfa til ytra matsins, sem við getum verið stolt af og hjálpar okkur að viðhalda því góða starfi sem verið hefur í leikskólanum. Það að nýta mannauðinn enn frekar í skólanum gefur okkur ný tækifæri og reyndir starfsmenn fá að blómstra við að taka að sér þau krefjandi og spennandi verkefni sem framundan eru hjá okkur.

Við horfum fram á veginn til næsta skólaárs með mörg ung börn sem eru að byrja hjá okkur og þarfnast alls þess besta sem við getum og viljum veita þeim og foreldrum þeirra í leikskólanum. Við munum gera okkar besta til að viðhalda og bæta starfið út frá umbótaþáttunum og jafnframt viðhalda öllu því góða sem fram kom í ytra matinu.

Þannig náum við fram því leiðarljósi okkar og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.


Guðný Hjálmarsdóttir

Leikskólastjóri Maríuborgar

2 Innra mat

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á **skólanámskrá** leikskólans og eða **áherslum** leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. **Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.**

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



Leiðbeiningar um innra mat leikskóla, bls. 8.

Gera skal **matsáætlun/umbótaráætlun** og gerið grein fyrir hvað þættir í leikskólastarfinu er áætlað að meta og/eða bæta. Hver deild/sérkennsla skilar matsáætlun út frá skólanámskrá leikskólans og markmiðum sem sett eru í upphafi skólaárs ásamt stuttri **greinagerð deildarstjóra/sérkennslustjóra** um hvað og af hverju matsþættirnir voru valdir fyrir starfsárið út frá niðurstöðum líðandi starfsárs (2017-2018).

2.1 Matsfundur í janúar

Skipulagsdagurinn 18. janúar 2018 var helgaður innra mati leikskólans. Fyrir hádegi var haldinn árlegur matsfundur allra starfsmanna sem hefur fest sig í sessi sem stærsti vettvangur innra mats og umbóta í Maríuborg. Fundurinn fer ætíð fram með sama sniði, hver og einn starfsmaður fyllir út sérstakt matsblað þar sem hann gefur leikskólanum og starfinu tvær stjörnur fyrir atriði sem hann metur að gangi vel og sé leikskólanum til sérstaks sóma en einnig tvö laufblöð fyrir atriði sem hann vill leggja meiri rækt við og bæta. Á fundinum sjálfum lesa allir sínar niðurstöður og ritari fundarins skráir niður. Að fundinum loknum gafst tími til deildarfunda á meðan stjórnendur tóku saman niðurstöður fundarins, flokkuðu laufblöðin og undirbjuggu hópavinnu eftir hádegisd. Þar unnu starfsmenn að umbótum í takt við laufblöðin sem hlúa þurfti að.

2.1.1 Niðurstöður matsfundar 18. janúar 2018

Stjörnur – það sem við erum að gera vel

- Umhverfismennt
 - o Sameiginlega verkefnið seinasta vor, Hverfið okkar, var mjög vel heppnað, hlökkum til að vinna það áfram núna í vor og fjalla um Borgina okkar.
 - o Ánægja með tengingu umhverfismenntar og Lubba með átthagapemanu, Brekka stendur sig vel í að kenna íslensk örnefni á landakorti og fjalla um staði, Lundur stendur sig vel í að fjalla um þekktar byggingar í Reykjavík og tengja við stafakennslu.
 - o Flokkun sorps, fræðsla um tré, umfjöllun um matarsóun og ávaxtaálfar deildanna ganga einnig vel.
- TMT, tákn með tali
 - o TMT er að þróast vel samhliða aukinni áherslu á Lubba, blandað saman TMT táknum og hljóðatáknum Lubba eftir því sem við á.
 - o TMT enn nýtt í matartímum og söngstundum, táknlag mánaðarins er enn virkt.
 - o TMT mikið nýtt í sérkennslu og við stuðning.
 - o TMT er nýtt með veðurfræðingi á eldri deildum og í umfjöllun um dagana og mánuðina.
- Lubbi finnur málbein

- o Lubbi orðinn samtvinnaður daglegu starfi, ýmist í daglegum Lubbastundum eða vikulega í hópastarfi. Hlustað á diskinn, lögin sungin og táknin gerð með. Námsefnið nýtt með stafakennslu í skólahópum.
- o Hólf barnanna eru merkt með hljóðatákni barnsins (fyrsti stafur í nafni).
- o Landakort er komið upp á Brekku og er mikið nýtt í starfi með Lubba og til að tengja við áttthagaþema umhverfismenntar.
- o Lubbabangsar á hverri deild nýttir til að færa meira líf í Lubbastundir.
- Skóladagatal
 - o Mikil ánægja og sátt með þær hefðir sem við höfum fest í sessi, viljum halda þeim áfram (jól, þorri, litavikur o.s.frv.).
 - o Skóladagatalið vel unnið og gott vinnuþlagg, sérstaklega þegar unnið er að mánaðarplönnum deildanna.
- Dagskipulag
 - o Dagskipulag deildanna gengur vel og allir sáttir.
 - o Mikilvægt að hafa skýrt dagskipulag svo auðveldara sé að leysa af.
 - o Dagskipulagið einkennist af sveigjanleika og samvinnu.
 - o Gott að hafa tvískiptan kaffitíma, fyrir og eftir hádegi.
 - o Vikulegur söngsalur gengur betur, virkni starfsfólks hefur aukist.
 - o Vel heppnað að skipta útiveru og hópastarfi í tvennt á Lundi, þ.e. helmingur úti og helmingur í hópastarfi, fyrir og eftir hádegi. Léttir á deildinni, skapar meiri ró í hópastarfi og auðveldar mönnun útiveru.
- Hópahefti
 - o Gott vinnutæki og hugmyndabanki. Skýrt upp sett og ljóst hvað er á döfinni. Hjálpartæki en ekki stýrandi, hver vinnur það eftir sínu höfði.
 - o Nauðsynlegt fyrir þá sem eru nýir að vinna eftir í hópastarfi.
 - o Gátlistarnir góðir og gott að vinna eftir þeim.
- Matseðill og fleira tengt eldhúsi
 - o Ánægja með matinn almennt, bragðgóður, fjölbreyttur og vel úti látinn.
 - o Þakklæti og ánægja fyrir veitingar og annað í kaffistofu starfsmanna.
- Tónlist
 - o Mikil ánægja með tónlistartímana, börnin spennt, foreldrar ánægðir og mikið af nýjum lögum sem bætast í starfið og söngsalinn.

- o Gott að hafa tónlistarkennara.
- Lífsleikni
 - o Er orðin samfléttuð daglegu starfi með umræðu, leikjum og verkefnum.
 - o Vínafundir.
- Annað
 - o Starfsandinn góður, flottur hópur sem vinnur saman.
 - o Gaman að mæta í vinnuna.
 - o Okkur er hrósað í vinnunni.
 - o Gott að börn séu send heim í mikilli manneklu.

Laufblöð – það sem við viljum bæta

- Umhverfismennt
 - o Megum vera duglegri að leyfa ávaxtaálfi að fara líka með úrganginn í grænu tunnuna í eldhúsinu, ekki bara ná í ávextina.
 - o Bæta við plasttunnu inn á deildir, nú eru bara pappírstunnur.
 - o Nýta hverfastöð Sorpu betur, t.d. leyfa börnunum að fara með óskilamuni í gám Rauða krossins.
 - o Minnka plastnotkun, t.d. nota fjölnota poka fyrir blaut föt.
 - o Fara í fleiri gönguferðir.
 - o Vantar skemmtilegri myndir fyrir veðurfræðinginn sem tilheyra fremur Íslandi.
- TMT, tákn með tali
 - o Lubbi er búinn að taka yfir TMT, megum vera duglegri að nota TMT táknin ennþá, t.d. í söngstundum og söngsal eða í matartímum.
- Lubbi finnur málbein
 - o Vantar landakort á allar deildir.
 - o Lubbi má vera sýnilegri, koma t.d. í heimsókn í söngsalinn.
 - o Megum vera duglegri að nýta Lubbasmiðjurnar (kassana með verkefnum og efni inni hjá Þóru).
 - o Hafa sameiginlega Lubbastund í salnum þar sem lögin (myndböndin) eru sýnd uppi á tjaldi. – Lubbabíó!
- Skóladagatal
 - o Viljum fara öll saman í kirkjuna, skapar meiri heild og minni útskúfun.

- Við ákveðum alla daga ársins, gætum við leyft börnunum að ákveða einhverja viðburði?
 - Megum vera duglegri að setja upp litaborð/litahorn/litavegg í litavikunum með hlutum sem eru í tilteknum lit.
- Dagskipulag
 - Enn má bæta virkni starfsfólks í söngsal, t.d. mætti dreifa textum nýrra laga úr tónlistarkennslu inn á deildir.
 - Ekki öllum gefið að syngja og/eða stjórna söngsal, margir upplifa deildarvikur í söngsal sem mikla kvöð.
 - Kynjaskipt útivera (á Lundi) olli „kynjadeilum“, athuga annars konar skiptingu næsta vetur.
 - Minna á svæðaskiptingu í útiveru.
 - Hafa skipulagðan tíma fyrir frjálsa leikinn.
- Hópahefti
 - Fækka punktum í gátlistum svo foreldrar hafi meira svigrúm til að tala í foreldraviðtölum.
- Matseðill og fleira tengt eldhúsi
 - Óskað eftir meiri fjölbreytni, t.d. flatkökur og skonsur í nónhressingu, fleiri útgáfur af salati og grænmeti með mat, fleiri ávaxtategundir og fleiri útgáfur af fisk- og kjúklingaréttum.
 - Hætta með pakkasúpur.
 - Prófa núðlurétti
 - Leyfa deildunum að velja hvað er í matinn, t.d. einu sinni í mánuði.
- Tónlist
 - Tónlistartímar detta allt of oft niður.
 - Megum vera duglegri að syngja og fara í tónlistar/söngleiki með börnunum inni á deildum, s.s. utan vikulegra tónlistartíma.
- Lífsleikni
 - Gleymum alveg hugmynda- og verkefnakössunum, megum virkja þá.
 - Dygðir annarinnar mættu vera sýnilegri (eru á plakötum við báða gulu inngangana).

- o Mættum vera meira vakandi við að grípa tækifæri til að ræða dygðirnar, t.d. þegar lesið er fyrir börnin.
- o Þurfum að virkja börnin, fá hugmyndir frá þeim um verkefni og umræðupunkta.
- Annað
 - o Vera duglegri að fara á milli deilda til að miðla hugmyndum, fá hugmyndir og stofna til samvinnu og samstarfs.
 - o Fara yfir hillur og skápa inni á deildum hvort hlutum sé raðað á öruggan hátt, t.d. með tilliti til jarðskjálfta og þunga lausra hluta.
 - o Breyta skemmtinefnd aftur, þ.e. að fá einn fulltrúa af hverri deild.
 - o Þurfum að hlúa betur að hver annarri.

2.2 Matsfundur í ágúst

Deildarstjórar hittust á matsfundi í og lögðu mat á skólaárið sem var að renna sitt skeið sem og endurmat á umbótum vorannar. Fyrir fundinn undirbjuggu deildarstjórar sig með deildarfundum. Þar lagði starfsfólk deildanna mat sitt á ákveðna þætti skólastarfsins með því að gefa þeim stjórnur og laufblöð á sama hátt og á matsfundi í janúar. Á fundinum var ákveðin umbótaáætlun skólaársins 2018 – 2019 sem sjá má í fylgiskjali 10.3 og nánari umfjöllun um umbótaþætti hér í næsta kafla (2.3).

2.3 Umbætur og þróun skólaárið 2018 – 2019

Umbótaþættir skólaársins 2018 – 2019 eru sjö, skóladagatal (hefðir og tilbreytingar), dagskipulag, hópahefti, tónlist, lífsleikni, umhverfismennt og Lubbi finnur málbein. Erum við sammála um að þessir átta þættir móti grunnstoðir skólastarfs Maríuborgar og það sem við viljum standa fyrir í faglegu starfi með nemendum okkar. Þróun þessara þátta á sér stað jafnóðum og barnahópurinn breytist, eldist og þroskast sem og að starfsmenn þróa starf sitt og fínþússa aðferðir sínar í takt við það símat sem á sér stað allt skólaárið.

2.3.1 Skóladagatal

- Yngri börnunum hentar betur að foreldrakaffi og opið hús séu eftir hádegi.

- Litavikur mættu vera sýnilegri, viljum virkja foreldra til þátttöku t.d. með því að koma með hluti að heiman og kennarar mættu einnig vera virkari t.d. með því að setja upp litaborð/horn/vegg.
- Væri gott að fara yfir skóladagatal í byrjun vetrar með öllu starfsfólki, t.d. á fyrsta skipulagsdegi vetrar.
- Hafa heila viku í boði fyrir foreldra í kringum dag leikskólans til að koma og kynna sér hópastarfið, tónlistina. Þannig geta foreldrar valið sér tíma sem myndi skila fleira fólki í heimsóknir.
- Hafa rugldag í skóladagatali.

2.3.2 Dagskipulag

- Ræða betur vikulegan söngsal og umsjón hans. Meirihluti starfsmanna treystir sér ekki að sjá um hann og vilja að tónlistarkennari sjái alfarið um hann.
- Skipulag í útiveru:
 - Virða svæðaskiptingar á útisvæði og passa betur uppá neðra svæði.
 - Laga mynd í skipulagi svæða.
 - Skipting á útisvæði erfið, sérstaklega á veturna þegar hún er tvískipt.
- Lóðin:
 - Of langur tími þar sem grænfáni var ekki sýnilegur.
 - Girða af leiksvæðið vegna yngstu barna.
 - Lóðin of stór ef einungis 2 deildar eru úti.
 - Vantar nauðsynlega fleiri leiktæki.
- Nýta betur rýmin í húsinu ef deildar eru ekki að nota það. Einnig að nota deildar sem eru tómar.
- Halda hópastarfi þrátt fyrir veikindi/mannekleu.

2.3.3 Hópahefti

- Mættum nota markvissara
- Gátlistar:
 - Mætti stytta eða þjappa betur saman
 - Mætti byrja að vinna fyrr, jafnvel í febrúar.

- Endurskoða fyrir jól og samræma, t.d. vantar spurningar um vikudaga.

2.3.4 Tónlistarkennsla-tónlist

- Skipuleggja tíma betur í samræmi við dagskipulag deilda, t.d. í takt við bleyjuskipti.
- Slæmt þegar fellur niður, mættum skoða betur hvernig við leysum tónlistartíma af, t.d. með því að fara inn með börnunum og syngja eða leika með hljóðfæri.

2.3.5 Lífsleikni

- Hafa eitt sameiginlegt verkefni á ári.
- Leyfa sameiginlegum verkefnum að standa lengur, t.d. með því að setja þau upp í forstofum.
- Meiri samvinna deilda í sameiginlegum verkefnum.

2.3.6 Umhverfismennt

- Meiri samvinna milli deilda í umhverfismennt.
- Mættum vera duglegri að leyfa ávaxtaálfum að taka þátt í frágang eftir ávaxtastund, t.d. fara með úrgang í lífræna ruslið í eldhúsi.
- Viðhalda grænfánafundum barna.
- Gæta betur að grænfánanum.

2.3.7 Lubbi finnur málbein

- Halda áfram að þróa markvisst starf með Lubba.
- Koma aftur upp tölum sem duttu út við uppfærslu tölvukerfis svo hægt sé að horfa á Lubba-myndböndin víðar.

2.4 Greinargerð deildarstjóra Brekku

Veturinn á Brekku hefur verið mjög skemmtilegur og fróðlegur.

Við vorum með 25 – 26 börn, 13 í elsta árganginum (fædd 2012) og 12 – 13 börn í næstelsta árganginum (fædd 2011).

Elsti árgangurinn var að vinna með snillingahefti þar sem þau eru að vinna með bókstafina og einnig með ýmis aukaverkefni. Við vorum með góða samvinnu við Ingunnarskóla þar sem við fáum afnot af íþróttahúsinu einu sinni í viku ásamt því að fara í skólaheimsóknir einu sinni í mánuði þar sem kennarar í 6 ára bekk taka á móti þeim.

Elsti árgangurinn er einnig búinn að vera frekar menningarlegur þar sem við höfum m.a. farið í Þjóðleikhúsið, Borgarleikhúsið, Hörpuna og bókasafnið svo eitthvað sé nefnt.

Næstelsti árgangurinn var að vinna með hópahæfti þar sem eru verkefni og margs konar þemavinna, þau eru einnig að skoða stafina og vinna með nafnið sitt og æfingablöð við hæfi.

Við vorum mjög virk í litavikunum þar sem börnin komu með hugmyndir að því hvað væri hægt að föndra í litavikunum. Það var mikið unnið með listir í öllum mánuðunum og enn meiri áhersla lögð á listir fyrir jólin og páskana.

Öll börnin á Brekku fóru í heimsókn í Hvalasafnið og unnu elstu börnin Hvalasafnið sem var hluti af sameiginlega verkefninu núna í vor þar sem við vorum að vinna með fjærumhverfið okkar. Við höldum fund með þeim þar sem þau komu með hugmyndir að verkefnum, svo var kosið og vann Hvalasafnið með miklum meirihluta.

Yngri hópurinn valdi að gera Hallgrímskirkju og Perluna.

Öll deildin hefur verið dugleg að fara í stuttar gönguferðir í nágrenni leikskólans.

Við höfum unnið mun meira með lýðræði í vetur, þar sem börnin fá að vera virk í því að koma með hugmyndir að föndri og ferðum.

Öll börnin voru í tónlist einu sinni í viku og fengu öll börnin að kynnst einingakubbavinnu.

*Elín Ósk Guðmundsdóttir leikskólaliði og stuðningsfulltrúi, deildarstjóri Brekku
skólaárið 2017 – 2018.*

2.4.1 Innra mat Brekku

Stjörnur – það sem við erum að gera vel

- Faglegt starf
 - Hópastarfið
 - Skólastundir
- Listir
 - Náðum að vinna vel og margt nýtt skemmtilegt

Laufblöð – það sem við viljum bæta

- Meira lýðræði
 - Leyfa börnunum að taka meira þátt í hugmyndavinnu
- Fara markvissar í vettvangsferðir
 - Fast tvisvar í mánuði

2.4.2 Umbótaáætlun Brekku skólaárið 2018 - 2019

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðil i	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Auka lýðræði barna	Börnin taki meira þátt í ákvörðunum, t.a.m. um val á verkefnum og ferðum	Hafa barnafundi	Haust 2018	Deildarstjóri	Á deildarfundum og með skráningum	Notast við skráningar
Fjölga vettvangs- ferðum	Fara tvisvar í mánuði	Skipuleggja fyrirfram, t.d. fara í 1. og 3. viku mánaðar	Haust 2018	Deildarstjóri	Á deildarfundum og með skráningum	Ferðir skráðar, farið a.m.k. einu sinni í mánuði

2.5 Greinargerð deildarstjóra Lundar

Í vetur vorum við með tvo árganga, 15 börn fædd 2012 og 9 börn fædd 2013, alls 24.

Í byrjun hausts skiptum við þeim í fjóra hópa eftir aldri, sex börn í hvern hóp.

Hópastarfið var á milli klukkan 9 og 10 tvisvar í viku. Síðan var deildin með kubbastofu einu sinni í viku, hreyfisallinn einu sinni í viku og tónlistartíma einu sinni í viku. Við skiptum útiveru í tvo hópa, fóru strákar út fyrir hádegi og stelpur eftir hádegi. Eldri hópurinn var með Hlynstofu tvisvar í viku þar sem unnið var með holukubba og einingakubba og byggt úr þeim.

Unnið var mikið með hópaheftin í hópastarfi og gerð þemaverkefni í hverjum mánuði. Þau voru öll mjög virk að gera verkefni fyrir litavikurnar.

Eldri börnin voru að vinna með snillingaheftin tvisvar í viku í samvinnu við Brekku. Við notuðum líka Lubba bókina með skólahóp. Á þeim tíma var yngri hópur í frjálsum leik.

Eldri hópurinn fór í menningarferðir sem voru í boði fyrir þeirra aldur, í Þjóðleikhúsið, Borgarleikhúsið og Hörpuna.

Yngri hópurinn fór á Árbæjarsafnið, bókasafnið og Hvalasafnið.

Við vorum með val á verkefnum fyrir börnin fyrir jól og páska sem þau völdu sjálf til að skapa.

Öll börnin á Lundi fóru svo á Hvalasafnið og gerðu síðan sameiginlegt verkefni um fjærumhverfið okkar. Síðan sköpuðu þau sjálf verkefnið um það sem þau sáu á Hvalasafninu.

Í vetur vorum við að vinna með aga á Lundi og vorum við að prófa okkur áfram. Fyrst prófuðum við val en hættum því þar sem okkur fannst það ekki ganga nógu vel. Breyttum við valinu og fórum að nota klukku og tíma sem okkur fannst ganga betur.

Reyndum við sem oftast að fara í göngutúr með börnin þegar veðrið var gott.

Ólöf Alfreðsdóttir leikskólaliði, staðgengill deildarstjóra Lundar skólaárið 2017 – 2018.

2.5.1 Innra mat Lundar

Stjörnur – það sem við erum að gera vel

- Tvískipt hópastarf og útivera

Laufblöð – það sem við viljum bæta

- Vera meðvitaðri um upptökur og viðburði á skóladagatali
 - Hafa skóladagatalið uppi við
 - Fara yfir skóladagatal í byrjun vetrar og á deildarfundum

2.5.2 Umbótaáætlun Lundar skólaárið 2018 - 2019

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Auka lýðræði barna	Hafa börnin með í ráðum	Hafa barnafundi	Vetur '18 - '19 (með hópast.)	Deildarstjóri/ hópstjórar	Skráningar og fundargerð	Hver hópur einu sinni á önn, fyrir des. og fyrir maí
Auka fjöl- menningu	Tengja heimili og skóla	Vinna með ólík heimili/ ólíkar fjsk. gerðir	Haut 2018 (með hópast.)	Deildarstjóri/ hópstjórar	Hvert barn gerir myndverk og tekur ljósmynd af húsinu sínu	Öll geri verkefnið

2.6 Greinargerð deildarstjóra Lautar

Eitt af leiðarljósum í Aðalnámskrá leikskóla er að „leikskóli á að vera lýðræðislegur vettvangur og lærdómssamfélag þar sem starfsfólk, foreldrar og börn eru virkir þátttakendur og hafa áhrif á ákvarðanir um málefni leikskólans“.

Leikskólinn leggur sérstaka áherslu á þetta leiðarljós í starfinu og hefur hver deild innan Maríuborgar sett sér sín markmið út frá innra og ytra mati vor 2018.

Rýnt var í eigið starf og unnið út frá því. Markmið og helstu áherslur Lautar haust 2017 fram á vor 2018 eru eftirfarandi:

Börnin taka reglulega þátt í að skipuleggja verkefni, þau eru hvött til að segja sína skoðun og hafa áhrif á ákvarðanatöku. Hlustað er á börnin og sjónarmið þeirra virt. Starfsfólk hefur yfirsýn og gætir þess að hvert barn fái að njóta sín. Námsleiðir henta vel aldri barnanna og þroska. Við leggjum áherslu á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin í leik og starfi. Við notum daglegar athafnir til náms og samskipta. Umhyggja einkennir samskipti starfsfólks við börnin. Jafnvægi er á milli frjálsra leikja og skipulagðra athafna og milli rólegra og fjörugra athafna.

Við á Laut förum í hópastarf þrjá morgna í viku, fá börn eru í hverjum hóp svo hvert barn fær að njóta sín vel, þrír hópstjórar eru með 19 börn. Unnið var markvisst með „Lubbi finnur málbein“ ásamt hreyfingu í sal, frjálsum leik í Kubbastofu og svo fær hugmyndaflugið hjá börnunum að njóta sín í Listastofunni, sem við höfum til afnota eina viku í senn á móti Púfu. Hópastarfið er frá kl. 9:00 – 9:45 og stendur yfir frá miðjum september fram til 15. maí.

Við á Laut leggjum mikla áherslu á daglega útiveru og svo framarlega að veður leyfi. Börnin eru hvött til að klæða sig sjálf eftir fremsta megni. Farið er í vettvangsferðir að vori í tengslum við átthagaverkefni og sameiginlegt verkefni allra deilda á Maríuborg. Á haustin förum við og tínum lauf í nærumhverfi leikskólans. Þegar Ingunnarskóli lokar förum við með börnin á skólalóðina. Árlega er farið í Húsdýragarðinn, farið er með strætó, dýrin skoðuð, farið í leiki og grillaðar pylsur.

Söngstund er í salnum á hverjum föstudegi kl. 11:20 til 11:45. Þar koma allar deildir í húsinu saman og Ingibjörg tónlistarkennari stjórnar með undirspili. Einnig fær hver deild sinn ákveðna dag til að koma með óvænta uppkomu í sal.

Við erum svo heppin að hafa hjá okkur tónlistarkennara sem fer á milli deilda og er með markvissa tónlistarkennslu sem hún tengir við „Lubbi finnur málbein“. Öll börnin á Laut fá tónlistarkennslu einn dag í viku, á fimmtudögum kl. 9:00 – 11:30.

Lautarbörn eru með söngstund á hverjum degi kl. 11:20 – 11:45 inni á deild, þar er lögð áhersla á táknlag mánaðarins, lag vikunnar, vísur, kvæði og ljóð. Sungið er upp úr bæði söngbók Maríuborgar og Lubbabókinni.

Salurinn er notaður til hreyfileikja alla mánudaga, þar er farið í leikfimi, klifrað í rimlum, farið í þrautabrautir, hoppað á trampólíni, dansað og sungið.

Við leggjum mikla áherslu á frjálsa leikinn. Við notum einnig hvert tækifæri til að setjast niður hvar sem er yfir daginn með bók í hönd, það finnst börnunum notalegt sem vilja draga sig aðeins í hlé frá leiknum til að hlusta á góða sögubók með kennara. Samverustund er einnig notuð til lestrar eftir hádegismat, þar sem allir sem ekki sofa setjast inn á kaffistofu til að spjalla og/eða hlusta á sögu og lestur góðra bóka.

Ingebjörg R. Kristjánsdóttir leikskólaliði, deildarstjóri Lautar skóalárið 2017 – 2018.

2.6.1 Innra mat Lautar

Stjörnur – það sem við erum að gera vel

- Fagleg vinna
 - Hópastarfið féll aldrei niður
 - Lubbabókin markvisst notuð
 - Hópstjórar tóku þátt í gátlistum
 - Flottar og markvissar söngstundir í hádegis
- Mikil útivera í vetur
- Nýttum vel svæði í húsinu

Laufblöð – það sem við viljum bæta

- Vinna með Lubba
 - Vantar fjölbreyttari verkefni með Lubba, líkt og við sáum í heimsókn á Jötunheima á Selfossi

- Vantar landakort á deildina
- Auka lýðræði barnanna
 - þau fái að ráða meira t.d. í listastofu
- Mættum vera duglegri að fara í vettvangsferðir

2.6.2 Umbótaáætlun Lautar skólaárið 2018 - 2019

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Ritmál	Gera ritmál sýnilegra	Útbúa og setja upp stafrófið, tölustafi, lubbatákn ofl.	Hefst feb. '18 og lýkur júní '18	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar	Á deildarfundum	Ræða um og viðhalda jafnóðum
Marg- breytileiki mann- lífsins	Auka margbreyti- leika í efnivið og leikefni	Yfirfara efnivið deildarinnar og bæta í það sem upp á vantar	Hefst feb. '18 og lýkur júní '18	Deildarstjóri og annað starfsfólk	Á deildarfundum og með rýni í efnivið	Ræða um og viðhalda jafnóðum

2.7 Greinargerð deildarstjóra Þúfu

Hópastarf: Börnin fara í hópastarf 3x í viku og er þeim þá skipt niður í 3 hópa í c.a. 40 mín. í senn. Við erum í ýmsum verkefnum t.d. könnunarleik, hreyfingu, lesum, syngjum, spjöllum, spilum, erum í ýmsum borðleikjum og í listastofu.

Hreyfistund: Allir fara 1x í viku í hreyfistund í salnum. Þar setjum við upp þrautabraut, förum í hreyfileiki og hringleiki og æfum okkur í hinum ýmsu æfingum m.a. þeim sem lagðar eru fyrir börnin í þroskaþrófi/gátlistum að vori.

Samverustund: Samverustundir eru hjá okkur 2x á dag. Annars vegar í hádeginu þegar hluti af börnunum sefur og hins vegar seinnipart dags. Í báðum stundunum er hópnum skipt í tvennt og þá er lesið, sungið, farið með þulur og spjallað saman.

Tónlist: Öll börn deildarinnar fara í tónlistartíma 1x í viku með tónlistarkennara.

Söngstund: Alla daga erum við með söngstund fyrir hádegismat. Þar eru öll börnin saman og syngja og við fléttum Lubba mikið inn í þessar stundir.

Söngstund í sal: Einu sinni í viku hittast öll börn leikskólans í salnum og syngja saman. Þessar stundir skipuleggur tónlistarkennari leikskólans, nema einu sinni í mánuði skiptast deildirnar á að sjá um söngsalinn.

Lubbi: Við vinnum markvisst með Lubba á Þúfu, syngjum lögin, skoðum bókina og hlustum/horfum á hann í tölvu. Eigum líka Lubbahund sem við notum með í þessum stundum.

Útivera: Við leggjum mikla áherslu á að allir fari í útiveru daglega. En þar sem leikskólinn stendur mjög hátt í Grafarholtinu er oft mjög vindasamt og veður þannig að við treystum ekki yngstu börnum leikskólans í útiveru.

Ferðir: Við reynum að vera duglegar að fara í gönguferðir í nágrenni leikskólans á vorin. Förum líka og horfum á Brúðubílinn að sumri þegar hann kemur í hverfið. Í júní förum við svo í Húsdýragarðinn í 3 hópum. Við förum með strætó, skemmtum okkur svo við að skoða dýrin og leikum okkur í Fjölskyldugarðinum. Tökum með okkur nesti, pylsur á grillið og drykki.

Guðlaug Gunnarsdóttir leikskólakennari, deildarstjóri Þúfu skólaárið 2017 – 2018.

2.7.1 Innra mat Þúfu

Stjörnur – það sem við erum að gera vel

- Dagskipulagið er skýrt

Laufblöð – það sem við viljum bæta

- Hafa tölustafi og bókstafi meira sýnilega

- Fara oftár í gönguferðir

2.7.2 Umbótaáætlun Þúfu skólaárið 2018 - 2019

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Ritmál	Gera ritmál sýnilegra	Auka merkingar, hengja upp stafrófið, merkja kassa og skúffur	Haut 2018	Starfsfólk deildar	Skráning	Ræða um og viðhalda jafnóðum
Göngu- ferðir	Fara oftár í gönguferðir	Skipuleggja og skrá	Haut 2018	Deildarstjóri	Á deildarfundum og með skráningum	Fara a.m.k. einu sinni í mánuði

2.8 Greinargerð verkefnastjóra tónlistar

Tónlist veturinn 2017-2018.

Skipulag tónlistartíma

Tónlist var kennd 4 morgna vikunnar, mánudag til fimmtudags. Tónlistarkennari var með tíma á hverri deild frá klukkan 9:00 til 11:45. Börnunum á hverri deild var skipt niður í 5-7 manna hópa eftir aldri. Tímar voru 20-45 mínútna langir eftir aldri. Kennsla fór fram í innri stofu deildanna.

- Mánudagar: Þúfa: 4 hópar með 5 börnum. Tímarnir voru um 25-35 mínútna langir. Yngstu börnin styðst.
- Þriðjudagar: Brekka: 4 hópar með 6-7 börnum í hóp. Tímarnir um 40-45 mínútna langir.
- Miðvikudagar: Lundur: 4 hópar með 6-7 börnum í hóp. Tímarnir voru um 40-45 mínútna langir.
- Fimmtudagar: Laut: 4 hópar með 5-6 börnum í hóp. Tímarnir voru 20-35 mínútna langir. Fór eftir aldri barnanna.

Veturinn skipulag:

- September: Upprifjun frá vetrinum áður og kynning fyrir ný börn. Lög, rythmaæfingar, kroppaklapp og ýmis önnur verkefni kynnt.
- Október og Nóvember: Farið var yfir formin, þríhyrningur, ferhyrningur, hringur, 6hyrningur, stjarna, hjarta, tígull. Farið yfir heiti húsdýra og unnið með málhljóð hvers dýrs í tengslum við Lubba. Unnið markvisst með litina. Einnig gerðar æfingar/sungin lög til að þjálf hugtök eins og hratt/hægt, hátt/lágt, klappa/labba í takt o.fl.
- Desember fór í jólalög og undirbúning í tengslum við þátttöku elstu barna í helgileik leikskólans.
- Janúar og febrúar var tónlistarkennari í veikindaleyfi
- Eftir áramót (mars-maí) var unnið markvisst með hlustun.

Námsefni:

- Við spilum og leikum við litlu börnin

- Hopp og Hí kennsluefni sem örvar hreyfiproska og athygli barna í gegnum leik og tónlist. Eftir Hildi Halldórsdóttur
- Útikennsla var áætluð í maí en ekkert varð úr henni sökum veðurs. Allir fengu þó 1 útikennslutíma í byrjun júní. Þar könnuðum við hljóðheim okkar nánasta umhverfis.
- Kór útskriftabarna, Fiðrildakórinn, æfði nokkrum sinnum í viku fyrir opið hús leikskólans og Útskriftarhátíðina.

Sumarhlé var gert á tónlistarkennslunni uppúr miðjum júní.

Ingibjörg S. Gunnarsdóttir tónlistarkennari, verkefnastjóri tónlistar starfsárið 2017 – 2018.

2.8.1 Umbótaáætlun tónlistar skólaárið 2018 – 2019

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Skráning	Kennslu- áætlanir fyrir hverja önn. Mánaðar- plan tónlistar. Uppbygging tímanna.	Útbúa skráningar- skjöl, annars vegar fyrir kennslu- áætlun og hins vegar fyrir uppbyggingu tíma	Hefst í ágúst 2018 og er lokið í maí 2019. Undirb. vorannar í des. '18	Verkefna-stjóri tónlistar	Skráning og söfnun gagna yfir veturinn	Tónlistin verði sýnilegri í starfi og áætlunum leikskólans. Markmið aðgengileg fyrir starfsfólk og stjórnendur.

3 Ytra mat

Ytra mat á starfi Maríuborgar fór fram í október 2017 og var framkvæmt af starfsfólki Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur (SFS). Markmið matsins var að vera leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðla að betra skóla- og frístundastarfi í anda leiðarljóss SFS sem kemur fram hér á forsíðu. Matsaðilar héldu rýnihópafundi með börnum, foreldrum og starfsfólki skólans og tóku viðtöl við stjórnendur. Þá fylgdust þeir með starfi deildanna yfir heilan dag og rýndu í gögn s.s. námskrá, starfsáætlun o.þ.h. Við matið lágu til grundvallar fimm svið leikskólastarfs, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mannauður, leikskólabragur og innra mat. Skemmst er frá að segja að Maríuborg kom út með toppinkunn þó enn höfum við tækifæri til umbóta. Hér verður helstu niðurstöðum heildarmats á starfi skólans lýst, en sértækt mat hverrar deildar er bundið meiri trúnaði og er lýst í matsskýrslu SFS. Það mat er nýtt til sértækrar umbótaáætlunar á hverri deild en þær má sjá í köflum hér á undan um mat deildanna.

Helstu styrkleikar Maríuborgar felast í stefnu skólans sem og leikskólabrag. Stefnan þykir skýr og sést vel í starfi skólans og leikskólabragurinn einkennist af umhyggju og jákvæðni og endurspeglast í góðum samskiptum og alúð við leik og starf allra innan skólasamfélagsins. Markvisst er unnið að eflingu heilbrigðis og vellíðan, börnunum líður vel í skólanum og foreldrar þekkja stefnu skólans og tala jákvætt um starfið sem þar er unnið sem og samskipti sín við skólann. Skipulag húsnæðis og nýting þess styður við starfið og námskrá, stefnuskjöl og verkferlar eru skýr, opinber og virk. Samstarf við foreldra er gott, þeir eru hvattir til þátttöku í skólastarfinu og upplýsingaflæði er gott. Innra mat er framkvæmt eftir ákveðinni áætlun ár hvert, ítarlega skráð og niðurstöður nýttar til tímasettrar umbótaáætlunar.

Tækifæri til umbóta voru nokkur og ber þar hæst lýðræði og þátttaka barna í ákvörðunum, markmiðasetningu og mati á námi sínu og framförum. Þá mætti auka og efla skráningar á leik og starfi barnanna til að nýta við mat á námi og velferð þeirra. Auka þarf vægi vísinda og fjölmennningar í skólastarfinu og auka þátttöku foreldra í skipulagningu námsins sem og innra mati skólans.

Samantekt niðurstaðna ytra mats SFS á starfi Maríuborgar í október 2017

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Taflan sýnir meðaltalsútkomu þeirra fimm sviða leikskólastarfs sem ytra matið tók til og merkja litir reitanna sem hér segir:

- Dökkgrænt merkir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
- Ljósgrænt merkir gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- Gult merkir að verklagi sé ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.
- Rautt merkir óviðunandi verklag.

4 Greinargerð ábyrgðarmanns sérkennslu

Veturinn 2017-2018 voru 6 börn talsins sem nutu stuðnings, allt frá 2 klst. á dag, í 6 klst. háð fjármagni og stuðningsaðila. Voru það 6 starfsmenn talsins sem sinntu stuðning.

Málörvun fór fram í leikskólanum 4-5 daga vikunnar. Skipt var þeim börnum er þurfa markvissa málörvun í hópa eftir þörfinni. Tvítyngd og þrítyngd börn saman, börn með framburðargalla saman o.þ.h. Með því móti komust fleiri að og málörvunartíminn markvissari. Alls voru 14 börn sem hlutu málörvun, allt frá 1x í viku í 3x í viku. Þau börn sem koma í markvissa málörvun (utan deilda). Einhver hluti þessa barna fara í talþjálfun utan leikskóla og er unnið með þau börn í samvinnu til talþjálfar.

Í málörvun utan deildar sem og á deild er unnið mikið með „Lubbi finnur málbein“.

Leikskólar Grafarholts og Úlfársárdals hafa unnið saman að verklagi þar sem ákveðið var að skima öll börn með EFI – 2 og nýta þar niðurstöður til að geta hafið snemmtæka íhlutun hvað varðar tal og framburð barna á fjórða aldursári.

Þess má geta að málörvun datt talsvert út eftir áramót sökum þess að sérkennslustjóri fór í afleysingar aðstoðarleikskólastjóra. Því hefur verið unnin bót á og er kominn verkefnastjóri í málörvun fram að næsta vori þegar afleysingum aðstoðarleikskólastjóra lýkur.

Þegar gerð er einstaklingsnámskrá þá hefur það fallið undir stuðningsaðila og sérkennslustjóra. Hún er síðan kynnt fyrir aðstandendum á teymisfundi og lagfærð ef þess er talið þörf, undirskrifuð og hún orðin virkt vinnuþagg. Einstaklingsnámskráin er unnin með það í huga að stuðningur og starfsfólk deildar geti nýtt sér hana til að vinna að þeim markmiðum sem sett eru upp í henni í samráði við foreldra/forráðamenn og starfsfólk leikskólans. Einstaklingsnámskráin er uppfærð á 3-12 mánaða og endurskoðuð eftir þörfum.

Haldnir eru upplýsingafundir í upphafi ferlis með foreldrum þar sem farið er yfir stöðu mála. Í framhaldi af því eru haldnir teymisfundir með 6-8 vikna millibili eða eftir þörfum. Þegar kemur að því að barn fer í skóla er skilafundur haldinn, með foreldrum og starfsfólki Grunnskólans. Á þessum fundum er ávallt starfsmaður frá Þjónustumiðstöðinni, ýmist hegðunarráðgjafi, sérkennsluráðgjafi eða sálfræðingur. Á þessum fundum eru foreldrum/forráðamönnum kynnt hvaða úrræði eru í boði og þeim boðið að sækja námskeið á vegum Þjónustumiðstöðvarinnar.

Gott samstarf er á milli leikskólans og þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts. 1x á önn kemur teymi frá þjónustumiðstöðinni og er með samráðsfund með starfsfólki/deildarstjórum. Í teyminu eru sérkennsluráðgjafi, hegðunarráðgjafi, sálfræðingur og félagsráðgjafi.

Einnig eru sérkennslustjórar boðaðir á fund 1x á önn þar sem sérkennsluráðgjafi, hegðunarráðgjafi, sálfræðingur og jafnvel félagsfræðingur kynna ýmis málefni er koma að leikskólunum. Þá mega sérkennslustjórar koma með hugmyndir um efni á fundunum. Einnig eigum við gott samstarfs við Talmeinastofur og Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.

Samvinna á sér stað milli sérkennslustjóra og stuðningsaðila. Farið er yfir stöðu barns/barna og hugmyndir að nýjum leiðum ræddar á fundum. Hugmyndin er að hafa þessa fundi reglulega en það hefur farið eitthvað forgörðum. Einnig eiga stuðningsaðilar undirbúningstíma og hafa þeir nýtt þann tíma til að sækja í ráðgjöf og samráð með sérkennslustjóra.

Þóra Björk Waltersdóttir þroskaþjálfari, ábyrgðarmaður sérkennslu skólaárið 2017 – 2018.

4.1 Umbótaáætlun sérkennslu skólaárið 2018 - 2019

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Sækja námskeið í EFI - Málþroskaaskimun	Að fara á námskeið í EFI-2 í haust og taka með a.m.k. 1 annan starfsmann	Sækja um á námskeið í EFI -2	Haustið 2018	Sérkennslustjóri	Safna gögnum á námskeiði. Læra að lesa úr niðurstöðum	Ljúka námskeiði og hefja vinnslu með gögnunum
Leggja EFI-2 fyrir markvisst.	Meta stöðu málþroska hjá öllum börnum leikskólans	Leggja EFI-2 fyrir þegar barn er á aldrinum 3,2-3,10 ára.	Haust 2018 / Vor 2019	Sérkennslustjóri	Niðurstöður stjórnar endurmati, matið er lagt fyrir aftur ef barn sýnir merki um slakan málþroska.	90 – 100% nemenda verði metið á réttu aldursbili

Halda fundi með stuðningsaðilum	Funda með stuðningsfulltrúum 2x í mánuði	Festa fundi, t.d. annan hvern þriðjudag kl.13	Fyrsti fundur í sept. '18/ Síðasti fundur í maí '19	Sérkennslu- stjóri / stuðnings- fulltrúar	Endurmat unnið í desember 2018. Hafa allir fundir staðist?	Halda fundartíma í a.m.k. 80% tilvika þrátt fyrir veikindi og fjarveru stuðningsaðila.
Einst.-áætlanir unnar	Öll börn fái einstaklingsáætlun.	Vinna áætlanir, ekki einungis fyrir börn með stuðning.	Haut/vetur 2018	Deildarstjóri / sérkennslu- stjóri	Rýni og söfnun gagna á fundum	

5 Fjölmennningarlegt leikskólastarf

Samfélag okkar verður sífellt fjölbreyttara og fögnum við margbreytileikanum sem sífellt eykst í Maríuborg. Fjölmennningarlegt leikskólastarf er hluti af lögbundinni stefnu *skóla án aðgreiningar* og störfum við eftir bestu getu samkvæmt henni. Vildum við þó gjarnan standa okkur betur í að miðla fjölmenningu og kynna ólíka menningu fyrir nemendum Maríuborgar og erum við í sífellu að leita leiða til þess. Höfum við fengið fyrirlestra og námskeið fyrir starfsfólk á vegum SFS, t.d. um fjölmennigarkennslu með Fríðu Bjarney og frá jafnréttisfulltrúa SFS (Auði Magndísi og Kolbrúnu Hrund). Einnig höfum við nýtt þjónustu Miðstöðvar Máls og Læsis. Fyrir skólaárið 2018 – 2019 höfum við fengið rúmlega 400.000 krónur til að fjármagna átak í fjölmennningarlegu leikskólastarfi og auknum stuðning við tví- og þrítyngd börn. Hyggjumst við nýta það m.a. til að efla málörvun og vinnu með námsefnið *Lubbi finnur málbein*, t.a.m. fá námskeið fyrir alla starfsmenn í notkun námsefnisins. Auk þess að kaupa fleiri *Hljóðasmiðjur Lubba*, landakort og önnur gögn fyrir hverja deild til að styrkja enn betur málörvun í daglegu starfi deildanna.

Fjölmennningarlegt leikskólastarf

Fjölbreytt heimamenning sem og fjölbreyttur barnahópur hefur einna helst endurspeglast í lífsleiknináminu. Í hverjum mánuði eru ákveðnir áherslupættir sem koma fram í hópahéftum, þar má m.a. finna þemun „ég sjálf/ur“, „leikskólinn minn“, „heimilið mitt“, „vinátta“ og „líkaminn minn“. Við höldum mæðrakaffi, feðrakaffi og ömmu- og afakaffi þar sem börnin vinna verkefni tileinkuð þessu mikilvæga fólki í lífi þeirra og bjóða þeim svo í heimsókn í leikskólann. Rætt er um ólík fjölskyldumynstur og á þessum uppákomum er börnunum frjálst að bjóða þeim sem standa þeim næst.

Eins og áður sagði höfum við sótt fræðslu til SFS, MML og fleiri um fjölmenningu, ólík fjölskyldumynstur, jafnrétti í barnahópnum, málörvun og tvítyngi.

Íslenska sem annað mál og virkt tvítyngi

Öll tví- og þrítyngd börn fóru í málörvunartíma með ábyrgðarmanni sérkennslu seinasta vetur. Þó varð nokkur röskun á því er aðstoðarleikskólastjóri fór í fæðingarorlof en ábyrgðarmaður sérkennslu leysir hana af. Í málörvunartímum er lögð áhersla á dýpkun orðaforða, hlustun, málskilning, hljóðkerfisvitund og tjáningu.

Námsefnið *Lubbi finnur málbein* sem og táknkerfið *Tákn með tali* er markvisst notað í daglegu starfi deildanna, málörvunartímum og tónlistartímum. Þar kemur saman efling orðaforða, tjáningar, hlustunar og hljóðkerfisvitundar.

Lífsleikni hefur verið ein af okkar grunnstoðum lengi vel og byggir í megindráttum á dygðakennslu. Þar er markmiðið að efla samskipti og leik barnanna sem og leikni í að lifa og hrærast í lifandi og fjölbreyttu samfélagi.

Farmfarir barna eru skráðar árlega með gátlistum Maríuborgar, skráningartæki sem við höfum þróað. Gátlistarnir hafa fimm flokka, félagsleg samskipti og leikur, sjálfshjálp og næring, hreyfing, málþroski og tjáning og loks listsköpun. Að auki eru framfarir skráðar jafnóðum í einstaklingsnámskrár þeirra er sækja málörvunartíma sem og aðra sérkennslu og/eða stuðning.

Samskipti við foreldra

Móttaka og aðlögun allra barna er með sama sniði, en séu foreldrar ekki íslensku mælandi, hvort sem er annað eða bæði, bjóðum við upp á túlk í öllum viðtölum og aðlögun. Við teljum það rétt barnsins, foreldranna sem og kennaranna að öll viðtöl fari fram með túlki til að tryggja að allar upplýsingar fari rétt á milli og til að minnka líkur á misskilningi, tungumálaörðugleikum og/eða stirðleika í samskiptum. Í foreldraviðtölum fara fram mikilvægar samræður um framfarir barnsins og þroska og því afar mikilvægt að tungumálin þvælist ekki fyrir hlutaðeigandi, hvort sem er foreldrum eða kennurum.

Upplýsingagjöf er helst í formi daglegra samskipta og reynum við eftir fremsta megni að koma öllum upplýsingum rétt til allra foreldra, t.a.m. höfum við beðið pólskumælandi starfsfólk um að koma upplýsingum til pólskra foreldra. Trúnaðarupplýsingar eru aldrei gefnar nema í formlegum viðtölum sem fara fram með óháðum túlki. Tölvupóstur sem sendir eru út til allra foreldra eru á íslensku og ensku, en reynslan hefur sýnt okkur að þýðingarvélur á netinu þýða mun réttar texta af ensku heldur en íslensku.

6 Starfsþróunarsamtöl og endurmenntun

6.1 Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í janúar og fram í apríl 2018. Guðný leikskólastjóri tók öll viðtölin, skipulagði þau og tók niðurstöður saman.

6.1.1 Samantekt starfsþróunarsamtala

Almennt um starfið: Starfið í Maríuborg hefur gengið í flestum tilfellum vel að mati starfsmanna. Það hefur dregið úr langtímaveikindum og ekki vitað í dag um nein langtímaveikindi sem er ákveðinn léttir. Það er mis mikið álag á deildunum bæði hvað varðar barnahópinn og veikindi starfsmanna. Mjög ánægjulegt hvað ytra matið kom vel út hjá okkur og getum við verið stolt af niðurstöðunni.

Hvað hefur gengið vel: Dagskipulagið á deildunum gengur almennt mjög vel og eru starfsmenn mjög ánægðir með áherslur okkar í starfi. Lubbi finnur málbein gengur vel og er mikil ánægja með að Ingibjörgu stefni á að halda „Vísnavinunum“ á lofti í haust og verði verkefnastjóri með Lubbaverkefninu. Upplýsingaflæðið er í flestum tilfellum gott, deildarfundir og skipulagsdagar eru vel nýttir og mikil ánægja með þau mál sem verið er að ræða hverju sinni.

Deildarstjórar eru ánægðir með deildarstjórafundina, þeir haldast vel og eru skipulagðir og markvissir. Mjög gott að gerð sé fundargerð eftir hvern fund og hún lögð fram fyrir alla starfsmenn að fundi loknum í kaffistofunni.

Tónlistin, söngstundirnar og tákn með tali ganga mjög vel og unnið er markvisst með þessa þætti í öllu starfi leikskólans. Söngsalurinn á föstudögum er að komast í fastar skorður og er mikil ánægja með að Ingibjörg stjórni þeim. Opið flæði og stofuskipti ganga jafna mjög vel og vill starfsfólk halda þeim áfram í því formi sem við erum með þá í dag.

Ytra matið sem gert var hjá okkur í október 2017 kom mjög vel út og var unnið að umbótapáttum skýrslunnar í mars 2018 og skilað til Kristínar Hildar hjá S.F.S. Starfsfólk er mjög jákvætt fyrir þessari vinnu og fannst gott að fá sviðið til að taka út/ meta starfið okkar. Það voru nokkuð margir starfsmenn sem nefndu hvað samvinnan gangi vel og þá sérstaklega á hverri deild fyrir sig. Nokkuð margir starfsmenn nefndu að þeir fengu hrós og hvatningu í starfi

en það er örugglega alltaf hægt að gera betur þar eins og fram kom í síðustu starfsmannakönnun.

Það hefur gefist vel að nota tímaklukkuna til að ná fram meiri festu og úthaldi hjá barnahópnum. Margir starfsmenn töluðu um að vel vel væri tekið í nýjar hugmyndir um starfið og mikill sveigjanleiki í starfinu. Skólaverkefni og annað er tengist starfi elstu barnanna gengur mjög vel, gleði hjá börnunum, íþróttir í Ingunnarskóla og gildin ganga vel. Gátlistarnir eru mjög góð vinnutæki og eins hópaheftin. Ánægja er með skipulagsdagana og finnst starfsmönnum þeir vel skipulagðir og nýtast vel í starfinu almennt.

Hvað má betur fara: Það vantar að vinna markvissara með Grænfánaverkefnið t.d. að fara oftari í gönguferðir og virkja börnin betur t.d. í flokkun á rusli. Hafa þarf oftari árgangsfundi og málörvun og sérkennsla hefur fallið of mikið niður (Þóra að leysa Sólrúnu af) og er það stór skýring á þeim þætti starfsins. Samstarf milli deilda mætti vera meira og betra og er upplýsingaflæðið nokkuð misjafnt eftir deildum. Virkni starfsmanna og umgengi mætti vera stundum meiri og betri og að við notum hreinskipt samskipti.

Mikið

var rætt um árshátíðina sem féll niður vegna ónógra þátttöku og fannst starfsfólki það mjög miður. Við þurfum að endurskoða skipulagningar á skemmtunum starfsmanna og þá hvernig við skipum í skemmtinefnd starfsfólks.

Við þurfum að undirbúa Lubbastundirnar betur og fá Íslandskort á allar deildir og undirbúa og ræða frekar hvernig við vinnum með Lubba. Festa Lubbastundirnar betur inn í starfið t.d. í hópaheftin þar sem starfið er mis virkt eftir deildum.

Passa

upp á að deildarfundirnir fari ekki eingöngu í að ræða ákveðna einstaklinga og einnig þyrfti líka stundum að vera meiri tími. Deildarstjórar þurfa að vera duglegir að deila verkefnum og tala betur saman þegar vantar starfsfólk. Álagið lendir alltaf mest á þeim sem eru í fullu starfi og er mikill áhugi hjá starfsfólki að minnka aðeins við sig vinnu. Halda þarf sérkennslufundina þar sem þeir falla of oft niður.

Starfsfólk þarf að vara duglegra við að lesa starfsáætlunina og nota hana markvisst til upplýsingar og sem vinnugagn.

Skerpa þarf betur á svæðaskiptingunni úti og samræma reglur í útiverunni og vera vakandi fyrir því ef ekki allar deildir eru úti að dekkja þá þeirra útisvæði.

Nokkrir starfsmenn nefndu að gott væri ef starfsfólk leikskólans gæti fengið að hafa meiri áhrif á hvenær sumarlokunin er og hvað við lokum lengi samfleytt ár hvert.

Starfsþróun: Almennt eru starfsmenn mjög ánægðir með þá fræðslu sem boðið er upp á á skipulagsdögum. Þau námskeið og fyrirlestrar sem flestir starfsmenn nefndu sem næstu fyrirlesarar eru að fá Vöndu Sigurgeirsdóttir til að ræða um einelti. Skyndihjálparnámskeið og að fá fræðslu um liðsheild og samskipti. Kynning frá Barnavernd, heimsóknir í aðra leikskóla, útinám og fleira kom einnig fram í samtölunum og verður vonandi hægt að verða við óskum sem flestra starfsmanna.

Starfsaðstæður: Húsnæðið er oftast vel nýtt og við duglegar að láta vita ef okkur vantar rými fyrir börnin en samt er alltaf hægt að gera betur með að láta vita um laus svæði. Að sjálfsögðu erum við öll sammála um að rýmið fyrir börnin mætti vera meira en því breytum við víst ekki. Við erum stundum of uppteknar af álaginu í stað þess að leita lausna.

Gaman að endurnýja kaffistofuna og að búið sé að kaupa húsgögn á deildarnar.

Líðan í starfi: Starfsfólki líður jafnan vel á Maríuborg. Margir töluðu um álag, mikil veikindi, mikinn barnafjölda og lítið svigrúm í starfi. Dagskipulag og annað er tengist starfinu okkar er orðið mjög fast mótað og gengur almennt mjög vel. Mikil starfsreynsla og gott að leita eftir aðstoð en við þurfum líka að muna eftir að kalla eftir aðstoð. Starfið okkar er frekar vanmetið almennt í þjóðfélaginu og við megum ekki gleyma að hrósa okkur og styðja hver aðra. Samkennd og góð samvinna var oft nefnd en öllum fannst leiðinlegt að ekki var áhugi fyrir að halda árshátíð þetta árið.

Samskipti: Samskipti við börn og foreldra ganga mjög vel en samskipti starfsmanna ganga í flestum tilfellum vel en það er alltaf hægt að gera betur. Það vantar stundum upp á gleðina og var árshátíðin oft nefnd þar sem dæmi. Rætt var um ástæður og hvað við gætum gert til að efla liðsheildina. Spurning hvort við förum aftur í það að vera með ákveðna skemmtinefnd en ekki að hver deild sjái um viðburði fyrir starfsmannahópinn.

6.2 Símenntun og fræðsla síðasta skólaár:

- Skipulagsdagar skólaársins 2017 - 2018:
 - o 1. september héldum við langan starfsmannafund til undirbúnings skólaársins. Björg leikskólastjóri á Lundi í Garðabæ kom og kynnti fyrir okkur samskiptasamning starfsmanna sem er við lýði þar. Dagurinn endaði svo á deildarfundum.
 - o 18. október fengum við til okkar Bryndísi Jónsdóttur sem hélt fyrirlestur um núvitund og streituvarnir, var það liður í heilsueflingarátaki Reykjavíkurborgar. Einnig voru árgangafundir og deildarfundir.
 - o 27. nóvember var sameiginlegur skipulagsdagur allra skóla í hverfinu og var hann með sama sniði og árið áður þar sem fjöldi námskeiða, vinnustofa og fyrirlestra voru í boði í svokölluðum menntabúðum. Menntabúðirnar voru haldnar í Ingunnarskóla fyrir hádegið. Þar sem miklar framkvæmdir voru við viðgerð á eldhúsgólfi Maríuborgar var haldið í hópefli á veitingastað eftir hádegið.
 - o 18. janúar var matsfundur allra starfsmanna fyrir hádegi þar sem hver og einn gaf tvær stjórnur og tvö laufblöð (sjá nánar í kafla 2 um innra mat). Fyrir hádegi voru einnig deildarfundir en eftir hádegið var unnið í hópum að umbótaáætlun.
 - o 2. mars kom Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir jafnréttisfulltrúi hjá SFS með fyrirlestur um jafnrétti kynjanna. Eftir hádegið voru fundir, starfsmannafundur, deildarfundir og árgangafundir.
 - o 1. júní kom Auður Jónsdóttir mannauðsráðgjafi hjá SFS og kynnti síðustu starfsmannakönnun, niðurstöður og nýtt útlit könnunarinnar. Að því loknu fórum við í fjórum hópum í kynnisferðir í leikskólana Álftaborg, Jörfa, Rauðhól og Sunnuás. Þar kynntum við okkur fyrst og fremst útinám skólanna og útfærslur á því. Eftir hádegið héldu hóparnir kynningar fyrir hvern annan um þann leikskóla sem hver fór í. Þá kynntu deildirnar hvað þær væru að gera í útinámi í sumar. Að lokum kynnti Guðný leikskólastjóri námsferðina sem hún fór í með öðrum leikskólastjórum Reykjavíkur til Finnlands í maí.

- Önnur símenntun skólaárið 2017 – 2018 var eftirfarandi:
 - o Aðstoðarleikskólastjóri og ábyrgðarmaður sérkennslu fóru á ráðstefnuna „Menntun fyrir alla“ í ágúst 2017
 - o Starfsmaður með stuðning fór á námskeið í atferlisþjálfun hjá GRR í september 2017
 - o Leikskólastjóri fór á námskeiðsdag leikskólastjóra í október 2017
 - o Sjö starfsmenn, þ.a. allir 4 deildarstjórar, fóru á ráðstefnuna „Við fáum að ráða“ í febrúar 2018
 - o Tveir starfsmenn fóru á ráðstefnu FL um starfsþróun kennara í febrúar 2018
 - o Einn starfsmaður fór á námskeið um skráningar barna í mars 2018
 - o Einn starfsmaður fór á námskeið um mál og læsi fjöltyngdra barna í mars 2018
 - o Ábyrgðarmaður sérkennslu fór á vorráðstefnu GRR, „Mátturinn í margbreytileikanum“ í apríl 2018
 - o Leikskólastjóri fór í námsferð leikskólastjóra á vegum SFS til Finnlands í maí 2018

6.3 Símenntun og fræðsla næsta skólaár

- Skipulagsdagar skólaársins 2018 – 2019 (stjörnumerkir dagar eru einnig skipulagsdagar í Ingunnarskóla)
 - o 31. ágúst 2018 er fyrsti skipulagsdagur vetrarins og að venju er hann nýttur til að stilla saman strengi og leggja línurnar fyrir komandi skólaár. Byrjum daginn á löngum starfsmannafundi og svo eru deildarfundir. Eftir hádegi kemur Vanda Sigurgeirsdóttir með fyrirlestur um einelti og aðgerðir gegn því.
 - o 1. október 2018 kemur Ólafur Ingi sjúkraflutningamaður og skyndihjálparkennari með námskeið í skyndihjálp. Eftir hádegið verður starfsmannafundur og deildarfundir.
 - o 16. nóvember 2018* er sameiginlegur skipulagsdagur allra skóla í hverfinu. Fyrir hádegi byrjum við í sitthverju lagi og þá erum við með starfsmannafund og deildarfundir. Eftir hádegið verðum við öll saman í Sæmundarskóla, en dagskrá þar er ekki komin á hreint. Um kvöldið er hópefli skólustarfsmanna Grafarholts með dansleik í Hlégarði.

- o 7. febrúar 2019 förum við á ráðstefnu SFS fyrir hádegi. Eftir hádegi er árlegur matsfundur starfsmanna og svo unnið í hópum að umbótum skv. matinu.
- o 22. mars 2019* verður starfsmannafundur og deildarfundir. Eftir hádegi stefnum við að því að fá annað hvort kynningu á stoðþjónustu SFS eða kynningu frá Fríðu Bjarney á fjölmennningarlegri kennslu og málefnum tvítyngdra barna.
- o 31. maí 2019* verður starfsmannafundur og deildarfundir. Eftir hádegið langar okkur í kynnisferðir í leikskóla annað hvort á Suðurnesjum eða í Árborg og Ölfusi. Hugmyndin er að enda í hópeflis- og skemmtiferð um kvöldið.
- Auk skipulagðrar símenntunar á skipulagsdögum hvetjum við alla starfsmenn til að sækja námskeið, fyrirlestra, kynningar, ráðstefnur, málstofur og hvers kyns símenntun sem styrkir þá í starfi, hvort sem er á vinnutíma eða utan, innanlands sem erlendis.

7 Foreldrasamvinna

Í Maríuborg er mikið lagt upp úr góðum samskiptum og samstarfi heimilis og skóla. Sérstök áhersla er á dagleg samskipti kennara og foreldra um allt sem viðkemur barninu og eru allir stjórnendur skólans ætíð til viðtals.

Foreldraráð Maríuborgar er skipað af þremur foreldrum auk leikskólastjóra. Kosið er í foreldraráð að hausti, á foreldrafundum. Foreldraráð er í reglulegum tölvupóstsamskiptum um framgang leikskólastarfsins og fundar eftir þörfum um stærri mál er varða starfið.

Foreldrafundir eru haldnir á hverri deild að hausti þar sem starfsfólk kynnir sig og deildarstjóri kynnir skipulag og markmið vetrarstarfsins.

Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar á ári. Á haustönn er einstaklingsnámskrá unnin í samráði við foreldra og á vorönn eru niðurstöður gátlista kynntar foreldrum, farið yfir markmið einstaklingsnámskrár og rætt um almenna stöðu barnsins.

Foreldrafélag er starfrækt við leikskólann. Það er skipað átta foreldrum, einum til tveim af hverri deild, auk leikskólastjóra. Hlutverk foreldrafélagsins er að auðga og bæta við starf og skemmtun barnanna, t.a.m. með því að bjóða upp á jólasskemmtun, sveitaferð og leiktæki eða skemmtiatriði á sumaráttíð. Þá hefur foreldrafélagið einnig fært leikskólanum ýmsar gjafir, s.s. hljóðfæri, myndavélar og annað sem þarf til kennslunnar og starfsins í skólanum.

8 Samstarf leik- og grunnskóla

Ingunnarskóli er hverfisskóli Maríuborgar og erum við í nánú samstarfi okkar á milli er varðar námsáherslur og samstarf um að brúa bilið milli skólastiganna. Meginmarkmið samstarfsins er að auðvelda aðlögun og ánægju barnanna, stuðla að öryggi þeirra í nýjum aðstæðum og farsælli samfellu í námi þeirra.

Sameiginleg læsisstefna Ingunnarskóla og Maríuborgar var gefin út árið 2014. Þar koma fram markmið skólanna beggja til eflingar læsis, málþroska, skilnings og orðaforða. Elstu börn leikskólans vinna allan seinasta veturinn verkefni í svokölluðu Snillingahefti sem miða að því að byggja sterkan grunn læsis og talnaskilnings. Verkefni þessi eru sett saman og útfærð í samvinnu við kennara yngsta stigs Ingunnarskóla.

Skólaárið 2015 -2016 fór fram mikil þróun í starfi elstu barna Maríuborgar þar sem unnið var enn dýpra en áður með læsisstefnu skólans og stærðfræðinám. Helsta markmiðið var að auka við og dýpka verkefni Snillingaheftisins sem er verkefnahefti elstu barnanna. Gekk það verkefni vonum framar og búum við vel að því sterka námsefni sem varð til þann vetur en einnig höfum við þróað það enn frekar í samvinnu við kennara Ingunnarskóla.

Á vorönn er haldinn samráðsfundur milli skólanna þar sem áætlun og markmið eru gerð fyrir komandi skólaár. Jafnframt eru þá haldnir skilafundir þar sem leikskólakennarar segja frá því helsta um barnahópinn, grunnskólakennarar fá niðurstöður Hljóm2 prófa sem gerð eru á öllum börnum leikskólans sem og sérþarfir einstakra barna. Þá er einnig samstarf liðins vetrar endurmetið.

Heimsóknir milli skólanna eru tíðar yfir veturinn, en markmiðið með heimsóknunum er að börnin verði örugg í nýju umhverfi, kynnist kennurum, sjái aðstæður, kynnist helstu reglum og rati um skólann. Einu sinni í mánuði er farið í kennslustund í heimastofu 1. bekkjar og fá þá börnin verkefnahefti sem þau vinna með allan veturinn (samræmt við Snillingaheftið), leika með leikefni og kynnast helstu kennslugögnum, fara í tölvur og á bókasafnið. Einu sinni á önn er farið í söngsal með öllum börnum skólans og í maí fara börnin ásamt foreldrum sínum í heimsókn í Stjörnuland, sem er frístundarheimili Ingunnarskóla. Þar er starfsemi frístundarinnar kynnt, aðstæður skoðaðar og börnin fá að leika sér. Eftir heimsóknina í Stjörnuland fá börnin að borða í matsal Ingunnarskóla. Vikulega höfum við haft aðgang að íþróttasal Ingunnarskóla og elstu börnin farið með kennara í skipulagðan íþróttatíma, en það er óljóst þennan vetur sökum þess hversu umsetinn salurinn er.

Nokkur börn Maríuborgar fara yfir í Sæmundarskóla ár hvert og er gott samstarf okkar á milli. Þau börn vinna að sjálfsögðu með Snillingahefti líkt og þau sem fara í Ingunnarskóla, einnig er farið í sams konar heimsóknir í Sæmundarskóla.

9 Skólaárið 2018 - 2019

Skipulagsdagar eru að venju sex, þar af þrír á sama degi og Ingunnarskóli er með skipulagsdag í samræmi við hverfastefnu Reykjavíkurborgar (stjörnumerktir). Maríuborg er lokuð á skipulagsdögum en þá daga nýta kennarar til skipulags starfsins, undirbúnings, fræðslu, endurmats og funda. Skipulagsdagar skólaársins 2018 – 2019 eru þrír á haustönn 2018,

föstudagurinn 31. ágúst, mánudagurinn 1. október, föstudagurinn 16. nóvember*, og þrír á vorönn 2019, fimmtudagurinn 7. febrúar, föstudagurinn 22. mars* og föstudagurinn 31. maí*.

Helstu hefðir og viðburðir sem hafa fest sig í sessi í Maríuborg munu einnig eiga sinn stað skólaárið 2018 – 2019. Má þar nefna litavikur í hverjum mánuði sem tengjast því þema sem unnið er með í hópaheftum, en einnig ýmsum átökum í þjóðfélaginu líkt og *Bleika slaufan* í október. Þá verður feðrakaffi í tengslum við feðradaginn í nóvember, mæðrakaffi í tengslum við mæðradaginn í maí og ömmu- og afkaffi í tengslum við þorrann. Að sjálfsögðu höldum við upp á íslenskar hátíðir eins og jól og páska. Sjá má skóladagatal Maríuborgar 2018 – 2019 í fylgigögnum (10.4).

10 Fylgigögn

10.1 Matsgögn

10.2 Umsögn foreldraráðs

10.3 Umbótaáætlun skólaársins 2018 – 2019

10.4 Skóladagatal Maríuborgar

F. h. Maríuborgar

Leikskólastjóri

Dagsetning



Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Skóladagatal	Litavikur sýnilegri	Salurinn skreyttur Deildir setji upp „litahorn“	Vetur '18-'19	Leikskólastjóri/ deildarstjórar	Matsfundir í febrúar og maí 2019	Litur mánaðarins verði sýnilegur um allan skólann
Dagskipulag	Hópastarf	Halda hópastarfi þrátt f. manneklu	Vetur '18-'19	Deildarstjórar og hópstjórar	Matsfundir í febrúar og maí 2019	Hópastarf í hverri viku Lóðin verði hæf öllum börnum leikskólans Rými skólans standi ekki auð yfir daginn
	Útivera	Breytingar á lóð og skipulagi vakta úti				
	Nýting rýma	Nýta betur rými sem rúlla milli deilda				
Hópahefti	Gátlistar	Byrja fyrr að skrá Samræma og stytta	Janúar '19	Deildarstjórar	Matsfundur í maí '19	Gátlistar unnir fyrir foreldraviðtöl að vori
	Hópahefti	Vinna markvisst með heftin	Vetur '18-'19	Hópstjórar		Þemu hópahefta sýnileg í hverjum mánuði
Matseðill	Fjölbreytni	Matráðsfundur reglulega	Vetur '18-'19	Matráður og leikskólastjóri	Matráðs- og matsfundir	Matráðsfundur a.m.k. 3 yfir veturinn
Lífsleikni	Eitt stórt verkefni	Bara tengt jólum/vetri	Vetur '18-'19	Stjórnendateymi	Matsfundir í febrúar og maí 2019	Eitt sameiginlegt verkefni deilda
	Leyfa verkum að standa lengur	Setja upp í forstofum				

Umhverfis- mennt	Ávaxtaálfar	Taka með í frágang	Vetur '18-'19	Deildarstjórar og starfsfólk deilda	Matsfundir í febrúar og maí 2019	Hvert barn fari a.m.k. einu sinni með lífræna ruslið í eldhúsið
	Grænfáninn	Vera meðvituð um að flagga og fylgjast með hvort þurfi laga				Grænfánanum flaggað daglega (ef viðrar) Gert við hann ef rifinn
	Grænálfafundir	Halda fundi með Grænálfum				A.m.k. einn fundur með Grænálfum á hvorri önn
	Endurvinnsla	Viðhalda endurvinnslu				Allt sorp deilda flokkað
Lubbi finnur málbein	Verkefnastjóri	Verkefnastjóri yfir Lubba verður næsta vetur til að styrkja og efla Lubbastarf	Vetur '18-'19	Verkefnastjóri Lubba og málræktar	Matsfundir í febrúar og maí 2019	Lubbastundir verði fastur liður á öllum deildum
	Lubba DVD	Koma aftur upp tölvum til að horfa á Lubba DVD		Leikskólastjóri		
	Lubbastundir	Námskeið fyrir alla starfsmenn til að styrkja Lubbastundir		Leikskólastjóri		

Leikskóladagatal 2018 - 2019

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M Sumarlökun	1 L	1 M Skipulagsdagur	1 F	1 L Fullveldisdagurinn	1 Þ Nýársdagur	1 F	1 F	1 M	1 M Barnam. hátíð/ Verkalýðsd.	1 L	1 M Skil á starfsáætlun
2 F Sumarlökun	2 S	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 L	2 L	2 Þ	2 F Barnamenningar- hátíð	2 S Sjómannadagurinn	2 Þ
3 F Sumarlökun	3 M	3 M	3 L	3 M Rauð vika	3 F	3 S	3 S	3 M	3 F Barnamenningar- hátíð	3 M	3 M
4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 M Hvít tannverndarvika	4 M Bolludagur	4 F	4 L Barnamenningar- hátíð	4 Þ	4 F
5 S	5 M	5 F	5 M Fjólublá vika	5 M	5 L	5 Þ	5 Þ Sprengidagur	5 F	5 S Barnamenningar- hátíð	5 M	5 F
6 M Fridagur verslunarmanna	6 F	6 L	6 Þ	6 F Rauður jólahúfudagur	6 S Brettándinn	6 M Dagur leikskólans	6 M Öskudagur	6 L	6 M Græn vika Gróðursetning	6 F	6 L
7 Þ Opnum eftir sumarfrí	7 F	7 S	7 M	7 F	7 M Svört vika	7 F Skipulagsdagur	7 F	7 S	7 Þ	7 F Rugldagur	7 S
8 M	8 L	8 M Bleik vika	8 F	8 L	8 Þ	8 F Hvítur dagur	8 F	8 M Gul vika	8 M	8 L	8 M
9 F	9 S	9 Þ	9 F Fjólublár dagur Feðrakaffi	9 S	9 M	9 L	9 L	9 Þ	9 F	9 S Hvítasunnudagur	9 Þ
10 F	10 M Appelsínugul vika	10 M	10 L	10 M	10 F Svartur rafm.laus dagur	10 S	10 S	10 M	10 M Grænn dagur Mæðrakaffi	10 M Annar í hvítasunnu	10 M
11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 M	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 S	12 M	12 F Bleikur íþróttadagur	12 M	12 M Kirkjuferð og jólaeikrit elstu barna	12 L	12 Þ	12 Þ	12 F Gulur dagur	12 S	12 M	12 F
13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 Þ	14 F Appelsínugulur dagur	14 S	14 M Afmæli Maríub. Hattaball	14 F Aðventukaffi og jólaball	14 M	14 F	14 F	14 S Pálmásunnudagur	14 Þ	14 F	14 S
15 M	15 L	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 F	16 S	16 Þ	16 F Skipulagsdagur* Dagur ísl. tungu	16 S	16 M	16 L	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 S Konudagur	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M
18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 Þ Jóla jólaganga	18 F	18 M	18 M Blá vika	18 F Skírdagur	18 L	18 Þ	18 F
19 S	19 M	19 F	19 M	19 M	19 L	19 Þ	19 Þ	19 F Föstudagurinn langi	19 S	19 M	19 F
20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 M	20 L	20 M Umferðarvika	20 F	20 L
21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 M	21 F	21 F Blár íþróttadagur	21 S Páskadagur	21 Þ	21 F	21 S
22 M	22 L	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 F Skipulagsdagur*	22 M Annar í páskum	22 M	22 L	22 M
23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 S Þorláksmessa	23 M	23 L	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 M	24 M	24 L	24 M Aðfangadagur jóla	24 F	24 S	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M
25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 S Jóladagur	25 F Bóndadagur Ömmu/ afakaffi	25 M	25 M	25 F Sumardagurinn fyrsti	25 L	25 Þ	25 F
26 S	26 M	26 F Bangsadagur og náttfataball	26 M	26 M Annar í jólum	26 L	26 Þ	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F
27 M	27 F	27 L Fyrsti vetrardagur Alþjóðl. bangsad.	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 M	28 F	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 M	29 L	29 M	29 F	29 L	29 Þ		29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S	30 M		30 L	30 Þ Tankadagur Barnam. hátíð	30 F Upptögnardagur	30 S	30 Þ
31 F Skipulagsdagur		31 M Hrekkjavaka		31 M Gamlársdagur	31 F		31 S		31 F Skipulagsdagur*		31 M

Samkvæmt reglum um þjónustu leikskóla er Maríuborg lokað 6 daga ári vegna skipulagsdaga starfsfólks, þeir eru merktir með rauðum fleti og hvítu lettri í dagatalinu.

Samkvæmt hverfastefnu Reykjavíkurborgar eru þrír af þeim dögum sameiginlegir með Ingunnarskóla, þeir eru stjórnumerktir.

Sumarhátíð, útskriftarferð og útskrift verða í lok skólaársins, þau eru ákveðin eftir veðri og vindum og vel auglýst þegar þau kemur.

Hjóladagur, útileikfangadagur og vatnsdagur eru að sumri og skipulagðir eftir veðri.

Skóladagatalið getur breyst yfir árið og eru þær breytingar vel auglýstar, hvetjum við foreldra til að fylgjast með viðburðad agatölum deilda sem og auglýsingum og tilkynningum frá leikskólastjóra.

20. september 2018

Foreldraráð Maríuborgar hefur farið yfir og samþykkt starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2018-2019. Í áætluninni kemur fram greinargerð um starf síðasta árs og sett er fram umbótaáætlun fyrir deildir leikskólans, sérkennslu og tónlistarkennslu fyrir skólaárið 2018-2019. Fulltrúar foreldraráðs gerðu athugasemd við að í áætluninni vantaði umfjöllun um Mariústofu, fimmtu deild Maríuborgar. Leikskólastjóri brást vel við því og bætti við kafla um deildina. Í starfsáætlun er einnig samantekt á ytra mati leikskólans, sem framkvæmt var í október 2017. Þar er ánægjulegt að sjá að Maríuborg kom vel út á flestum matsþáttum og heildarútkoma leikskólans í matinu er til fyrirmyndar.

Foreldraráð Maríuborgar,
Anna Katrín Ragnarsdóttir
Hildur Hermannsdóttir
Örvar Sveinsson

Fyrir hönd foreldraráðs Maríuborgar,

Anna Katrín Ragnarsdóttir